

Fundargerð 476. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, miðvikudaginn 22. október kl. 17:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Ólafsvík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 475. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 475. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 10. september 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Hafnafundur 2025 - 2509012HA

Farið yfir endanlega dagskrá og skipulag hafnafundarins.

3. Komur farþegaskipa - 2509020HA

Rætt um álögur á farþegaskip og viðbrögð Hafnasambands Íslands við þeim.

Fjallað verður nánar um málið á Hafnafundi 23. október 2025.

4. Rafræn vöktun hafna - aðgangur tollfyrivalda - 2509009HA

Rætt um erindi sem margar hafnir hafa fengið frá Tollinum um myndavélakerfi hafna.

Samþykkt að vinna að því að útbúa sameiginlega ábyrgðayfirlýsingu sem allar hafnir geta nýtt sér ef Tollurinn óskar eftir að tengjast myndavélakerfum hafna. Einnig samþykkt að fela lögfræðingi Sambandsins að hafa samband við Tollinn um frekara samtal og upplýsa hafnirnar um stöðu mála. Fjallað verður nánar um málið á Hafnafundi 23. október 2025.

5. Hafnir - aðstaða til vigtunar sjávarafla - 2509036HA

Lagt fram bréf Fiskistofu til atvinnuvegaráðuneytisins, dags. 23. september 2025, um kröfur til hafna um aðstöðu til vigtunar sjávarafla.

Samþykkt að taka saman gögn til að senda erindi á Fiskistofu og atvinnuvegaráðuneytið um kröfur til hafna um aðstöðu til vigtunnar.

6. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda - EES-regur, móttaka úrgans í höfnum - 2510003HA

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (EES-regur, móttaka úrgans í höfnum), 179. mál - óskað umsagnar

Samþykkt að senda að nýju umsögn um málið.

Hanna Björg Konráðsdóttir vék af fundi kl. 18:30.

7. Fundur starfshóps um strandsiglingar - 2510004HA

Lagt fram bréf innviðaráðuneytisins, dags. 6. október 2025, um boð um komu á fund starfshóps um strandsiglingar, ásamt fylgiskjali.

Samþykkt að fela formanni og fulltrúa strandsiglingahafna til að sitja þann fund fyrir hönd Hafnasambands Íslands sem verður haldinn 4. nóvember nk.

8. Siglingaráð - 2509029HA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 47. og 48. fundar Siglingarráðs frá 29. apríl og 27. maí 2025.m

9. Faghópur hafnsögumanna og skipstjóra - 2509031HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 4. fundar Öryggisnefndar frá 19. september 2025.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur undir ályktun um mönnun á móttöku skipa um mikilvægi þess að hafnirnar tryggji öryggi manna við landfestar með tilliti til veðurs og aðstæðna.

10. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026 - 2510005HA

Lagt fram frumvarp til laga um fjárlög 2026. 1. mál.

Formanni falið að útbúa umsögn m.v. umræður á fundinum.

Stjórn Hafnasambands Íslands ítrekar mikilvægi þess að að hafin verði hið fyrsta endurskoðun hafnalaga og vísar í fyrirliggjandi gögn sem hafnasambandið hefur lagt fyrir ráðuneytið.

Fundi var slitið kl. 18:30